Laun og launat. gj.	280	286	-6	-2,2%
Annar rekstark.	1.170	1.166	4	0,4%
Nettó útgjöld	1.392	1.415	-23	-1,6%

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar: Útgjöld voru samtals 1.392 m.kr. eða um 23 m.kr. undir fjárheimildum 1,6% á tímabilinu, sem skiptist þannig:

Tónlistarskólar: Útgjöld voru um 974 m.kr. eða 14 m.kr. undir fjárheimildum. Framlög til tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik sem **Reykjavíkurborg ber kostnaðinn af námu 776 m.kr.** og framlög til tónlistarskóla **frá Jöfnunarsjóði námu 198 m.kr.**

Skólahljómsveitir ásamt tónlistarskóla Kjalarness: Útgjöld voru 249 m.kr. sem var 12 m.kr. yfir fjárheimildum, sem kemur til vegna langtímaveikinda.



Fullorðinsfræðsla, myndlistarskólinn og framhaldsskólar: Útgjöld voru 156 m.kr., sem var 14 m.kr. undir fjárheimildum. Námsflokkar Reykjavíkur voru 18,9 m.kr. undir fjárheimildum, framlög til framhaldsskóla voru skv. áætlun og framlög til Myndlistarskólans í Reykjavík voru 4,3 m.kr. yfir áætlun, sem kemur til vegna tilfærslu milli mánaða.

Listaskólar ofl.	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				Frávík %	
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Frávík %		
Skólahljóms- og Tónl. Kj.	10	8	2	242	233	8	18	12	6	249	237	12	5,1%	Halli	
Tónlistarskólar							974	988	-14	974	988	-14	-1,4%	Afgangur	
Námsfl., Myndl. og framhaldss.	48	29	19	38	42	-4	166	157	8	156	171	-14	-8,5%	Afgangur	
Endurúthlutun ofl					10	-10	12	9	3	12	19	-7	-35,5%	Afgangur	
Samtals	58	37	21	280	286	-6	1.170	1.166	4	1.392	1.415	-23	-1,6%	Afgangur	

Skólahljómsveitir og tónlistarskóli Kjalarness														
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávík	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávík	Kostnaður raun	Kostnaður áætlun	Kostnaður frávík	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávík	Frávík %	
Skólahljómsveit Vesturbæjar	3	2	1	72	59	13	4	3	1	73	60	13	-22,5%	
Skólahljómsveit Grafarvogs	2	2	0	51	53	-2	6	3	2	54	54		-0,4%	
Skólahljómsveit Austurbæjar	2	2	0	56	55	1	3	3	0	57	56	1	-1,5%	
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts	2	2	0	49	53	-4	5	3	2	52	54	-2	4,0%	
Tónlistarskóli Kjalarness	1	0	1	14	13	0	0	0	0	13	13		1,6%	
Samtals	10	8	2	242	233	8	18	12	6	249	237	12		

Langtímaforföll

Útgjöld vegna langtímaveikinda námu alls um 736 m.kr. í grunnskólum, leikskólum og frístund. Fjárheimildir vegna langtímaveikinda eru vistaðar í miðlægum potti í upphafi árs og fá starfstöðvar úthlutað úr honum til að mæta kostnaði við veikindi starfsmanna sem fara umfram einn mánuð. Gjaldfærð langtímaforföll í grunnskólum og leikskólum voru samtals 286 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu.

Langtímaforföll (m.kr.)	Gjaldfærður kostnaður	Áætlun	Frávík
Grunnskóli	455	223	232
Leikskóli	262	208	54
Frístundastarf	19	34	-14
Samtals	736	464	272

Sértækur stuðningur

Útgjöld vegna sértæks stuðnings námu alls 3.219 m.kr. sem var 52 m.kr. undir fjárheimildum.

Borgarstofnanir fá úthlutað til sértæks stuðnings að hluta til beint samkvæmt úthlutunarlíkani og að hluta til mánaðarlega í samræmi við þjónustuþyngd sem áætlað er fyrir í miðlægum pottum. Fjárheimild sem er úthlutað samkvæmt úthlutunarlíkani er nefnd almennur stuðningur en fjárheimild sem kemur úr miðlægum pottum er nefnd sértækur stuðningur. Einkareknar stofnanir fá greitt skv. þjónustuþyngd.

Úthlutun úr miðlægum pottum miðast við það fjármagn sem til staðar er í pottinum. Reynist þjónustuþyngd meiri en fjárheimildir, getur það myndað halla á starfsstöðum.


Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Heildaráætlun sviðsins um ráðstöfum ramma til einstakra stofnana endurspeglar ekki áætlanir stofnana um ráðstöfun fjárheimilda. Brýnt er að laga þetta.
- Miðað við fyrirliggjandi gögn sviðsins getur Fjármála- og áhættustýringarsvið ekki rakið hvaða þjónusta er veitt varðandi sérkennslu og stuðning og hvað hún kostar hjá einstökum stofnunum sviðsins heldur einungis hvernig fjárheimildum er dreift út frá reglum sviðsins um sérkennslu og stuðning. Mikilvægt er að bæta skráningu á veittri sérkennslu og stuðningi hjá stofnunum sviðsins og þörfum stofnana fyrir fjármagn samkvæmt greiningu til að unnt sé að meta hvort fjárþörf sé fyrir hendi. Þess skal getið að Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur í samstarfi við Skóla- og frístundasvið sett af stað vinnu við rýningu á meðhöndlun fjárheimilda í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Verkefnið felur í sér að tekið verði til rýningar aðferðafræði og reiknilíkan fyrir úthlutun á fjárheimildum fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar, þar með talið úthlutun á fjármagni til stuðnings og sérkennslu.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Grunnskólahluti sviðsins var 551 m.kr. yfir fjárheimildum eða 3,6%. Á tímabilinu voru 32 borgarrektnir grunnskólar af 36 með samtals 707 m.kr. í halla, 27 grunnskólar voru með 2% halla eða meira. Mikilvægt er að sviðið leiti leiða til að ná jafnvægi í rekstri fyrir árslok.
- Rekstur sérskóla er 153 m.kr. yfir fjárheimildum vegna aukinnar þjónustuþyngdar nemenda.
- Kostnaður vegna langtímaveikinda hjá skóla- og frístundasviði var talsvert umfram fjárheimildir. Mikilvægt er að finna leiðir til að takast á við mikil útgjöld vegna langtímaveikinda í samvinnu við mannauðs- og starfsþróunarsvið.


1.4 Umhverfis- og skipulagssvið



Rekstur USKRK (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	2.726	2.779	-53	-1,9%
Laun og launat. gj.	2.344	2.433	-89	-3,7%
Annar rekstrark.	7.482	7.031	450	6,4%
Rekstrarniðurstaða	7.100	6.686	414	6,2%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs á fyrstu 9 mánuðum ársins 2020 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 7.100 m.kr. eða 414 m.kr. yfir fjárheimildum tímabilsins eða um 6,2%.




*USK tók við rekstri bílastæðasjóðs á árinu 2017

Málaflokkar USK (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2020	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2020	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2020	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2020	Frávik	%
Skrifstofa sviðstj. og miðlæg þjónusta	199	199	0	418	399	19	393	460	-66	613	660	-47	-7,1%
Skipulagsfulltrúi	68	24	44	156	151	4	103	105	-3	191	233	-42	-18,1%
Samgöngustjóri og borgarhönnun	802	842	-40	298	334	-36	369	423	-54	-135	-85	-50	58,4%
Byggingarfulltrúi	73	145	-72	201	190	10	8	43	-35	136	88	48	54,0%
Umvhverfisgæði	1.380	1.371	8	1.052	1.106	-55	1.140	1.139	2	812	874	-61	-7,0%
Heilbrigðiseftirlit	132	133	-1	198	224	-25	33	30	2	99	121	-21	-17,8%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	23	19	4	0	0	0	862	908	-46	838	889	-51	-5,7%
Rekstur og umhirða borgarlands	50	45	5	21	29	-7	4.574	3.923	651	4.545	3.906	639	16,4%
Samtals	2.726	2.779	-53	2.344	2.433	-89	7.482	7.031	450	7.100	6.686	414	6,2%

Rekstur og umhirða borgarlandsins var 639 m.kr. yfir fjárheimildum tímabilsins, einkum vegna leigu gatna sem var 378 m.kr. yfir fjárheimildum einkum vegna lægri gatnagerðargjalda en áætlun ársins 2019 gerði ráð fyrir og verðbótaþáttar leigunnar. Þá var reksturs gatna og opinna svæða 273 m.kr. yfir fjárheimildum, sem skýrist mest að vetrarþjónustu sem var 306 m.kr. yfir fjárheimildum, en á móti voru viðburðir 44 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins.

1.5 Velferðarsvið




Rekstur VEL (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	3.968	3.639	329	9,0%
Laun og launat. gj	16.106	14.751	1.355	9,2%
Annar rekstrark.	8.947	9.163	-216	-2,4%
Nettó útgjöld	21.085	20.275	810	4,00%

Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða var 21.085 m.kr. sem var 810 m.kr. umfram fjárheimildir. Covid-19 kostnaður og tekjutap skýrir að stærstum hluta það yfirfrávik eða um 280 m.kr. og frávik vegna Barnaverndar að fjárhæð 365 m.kr.

Velferðarsvið þurfti að grípa til ýmissa ráðstafana vegna Covid-19 á heimilum fyrir fatlað fólk, hjúkrunarheimilum, úrræðum barnaverndar, þjónustuíbúðum og fleiri starfsstöðum. Til að tryggja öryggi og heilsu notenda þurfti að skipta upp starfsmannahópum í mismunandi „hólf“ eða vaktahópa sem hittust ekki innan sem og utan starfsstaðar. Það var gert til að koma í veg fyrir að starfsmannahópurinn færi ekki allur í sóttkví ef upp kæmi smit hjá einum starfsmanni, sem og að draga úr líkum á smiti milli íbúa í úrræðum og starfsmanna. Breyta þurfti vaktaplani starfsmanna með stuttum fyrirvara og skv. kjarasamningum þurfti að greiða hverjum starfsmanni 2-3 klst. í yfirvinnu vegna breytinga á vöktum. Þegar upp kom smit í búsetukjörnum þurfti að greiða töluverða yfirvinnu, til að halda starfseminni gangandi með stóran hóp starfsmanna í sóttkví. Ráðið var í 204 stöðugildi hjá sviðinu í sumar sem hluti af vinnumarkaðsaðgerðum til viðspyrnu vegna Covid-19. Sá kostnaður endurspeglast ekki í uppgjöri sviðsins heldur kemur fram sem hluti af sameiginlegum kostnaði sjá **1.7 Sameiginlegur kostnaður**.

Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan sýnir niðurstöðu í rekstri velferðarsviðs fyrir janúar til september 2020 án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins í heild með bundnum liðum voru 24.398 m.kr. sem var 1.166 m.kr. umfram fjárheimildir. Fjárhagsaðstoð var 441 m.kr. eða um 21,3% umfram fjárheimildir og sérstakur húsnæðisstuðningur var 85 m.kr. eða 9,6% innan fjárheimilda. Vakin er athygli á að ríkið endurgreiðir veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15 gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Endurgreiðslan er reiknuð út fyrir tímabilið 1. nóvember – 31. október ár hvert og greiðist í upphafi ársins á eftir. Endurgreiðsla fyrir síðasta ár nam rúmum 300 m.kr. Svipuð upphæð er áætluð fyrir árið í ár. Í uppgjörinu hefur verið gert ráð fyrir endurgreiðslu sem nemur 146 m.kr.



Fjárheimild sviðsins hefur verið hækkuð um 1.485 m.kr. vegna nýrra kjarasamninga á tímabilið.

Þjónustupættir Velferðarsviðs

Þjónustupættir VEL (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2020	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2020	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2020	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2020	Frávik	%
Skrifstofur, nefndir og ráð	132	86	45	2.695	2.689	6	688	690	-3	3.252	3.293	-42	-1%
Samningar, framlög og styrkir	176	104	72	0	-12	12	3.299	2.855	444	3.123	2.739	384	14%
Búsetuúrræði	140	40	99	6.438	5.581	857	568	1.138	-570	6.866	6.678	188	3%
Félagsmiðstöðvar	81	111	-29	323	347	-24	349	355	-6	590	591	-1	0%
Dagþjónusta	120	142	-22	427	407	20	130	141	-11	437	406	30	7%
Heimaþjónusta	131	129	2	1.532	1.589	-58	287	329	-42	1.688	1.789	-102	-6%
Heimahjúkrun	1.226	1.240	-14	1.096	938	158	185	365	-180	56	64	-8	-12%
Hjúkrunarheimili	1.078	1.002	76	1.085	1.028	57	362	271	91	369	298	71	24%
Þjónustuíbúðir	93	100	-7	452	453	-1	123	119	4	483	473	11	2%
Stuðnings- og stuðþjónusta	0	11	-11	1.093	1.020	73	351	312	39	1.444	1.322	123	9%
Keðjan	8	0	8	380	225	154	257	383	-126	629	608	20	3,3%
Framleiðslueldhús	174	202	-28	164	142	22	181	193	-12	171	133	38	29%
Virkniverkefni	0	0	0	69	89	-20	5	14	-9	74	103	-29	-28%
NPA	0	0	0	0	0	0	603	582	20	603	582	20	4%
Úrræði Barnavernd	0	0	0	28	20	7	851	567	284	879	588	291	50%
Hælisleitendur	537	498	39	107	91	16	387	452	-65	-44	45	-88	-198%
Önnur Verkefni	74	-25	99	217	142	75	322	395	-73	465	563	-97	-17%
Samtals	3.968	3.639	329	16.106	14.751	1.355	8.947	9.163	-216	21.085	20.275	810	4,00%

Helstu frávík

Skrifstofur, nefndir og ráð voru 42 m.kr. innan fjárheimilda eða um 1%. Skrifstofa Barnaverndar Reykjavíkur var 43 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist af aðkeyptri sérfræðipjónustu s.s. túlkapjónustu, lögfræði- og sálfræðipjónustu vegna fjölgunar mála og þyngdar þeirra en fjöldi mála hefur aukist um 10% á milli ára og fjöldi virkra mála í hverjum mánuði hefur fjölgað um 8% á milli ára. Skrifstofa velferðarsviðs var 35 m.kr. innan fjárheimilda vegna styrks að fjárhæð 25 m.kr. frá ríkinu til að auka félagsstarf fyrir fullorðin fólk sumarið 2020 vegna Covid-19. Ekki var gert ráð fyrir tekjunum í áætlun, enda styrkirnir auglýstir í vor í tengslum við Covid-19. Búið er að nýta um helming af þessum styrk.

Samningar, framlög og styrkir voru 384 m.kr. umfram fjárheimildir eða 14% sem rekja má til samninga vegna ungra einstaklinga með þroska og geðraskanir, sem bíða eftir varanlegu búsetuúrræði. Á tímabilinu janúar til september hafa alls 11 samningar verið gerðir og greiðir Jöfnunarsjóður sveitafélaga með 6 slíkra samninga. Enn fremur á eftir að færa til fjárheimildir á milli mánaða og frávík þannig jafnast út. Akstursþjónusta fatlaðs fólks var 40 m.kr. innan fjárheimilda sem rekja má til færri ferða vegna Covid-19 en heildarfjöldi ferða dróst saman um 25%.

Búsetuúrræði voru 188 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3% sem má meðal annars rekja til Öryggisvistunar, nettó kostnaður fyrir tímabilið var um 143 m.kr. Tekjur frá ríkinu verða greiddar í lok árs. Aukinn launakostaður vegna Covid-19 í búsetuúrræðum er áætlaður um 76 m.kr. Skipta þurfti upp starfsmannahópum í sérstök hólf til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna og íbúa. Vaktaplönun var breytt og stundum þurfti að breyta þeim með stuttum fyrirvara. Samkvæmt kjarasamningum þurfti að greiða hverjum starfsmanni 2-3 klst. í yfirvinnu vegna breytinga á vöktum. Þegar upp kom smit í búsetukjörnum þurfti að greiða töluverða yfirvinnu, til að halda starfseminni gangandi með stóran hóp starfsmanna í sóttkví.

Dagþjónusta var 30 m.kr. umfram fjárheimildir eða 7%. Dagþjónusta fyrir fatlað fólk var 39 m.kr. umfram fjárheimildir en eftir er að leiðrétta áætlun vegna nýs úrræðis og mun dagþjónustan vera innan fjárheimilda í lok árs. Dagdeildir aldraðra eru 8,6 m.kr. innan fjárheimilda sem rekja má að hluta til verkfalla í byrjun árs og skertri starfsemi vegna Covid-19. **Þjónustuíbúðir** voru 11 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2% sem rekja má til tekjumissis vegna Covid-19 eða 7 m.kr.

Heimaþjónusta og Heimahjúkrun voru um 110 m.kr. innan fjárheimilda eða 12%. Heimaþjónusta var um 102 m.kr. innan fjárheimilda sem rekja má til verkfalla í byrjun árs. Fjármagn sem ætlað var til ráðninga á nýjum stöðugildum til styrkingar heimaþjónustu voru ekki nýtt þar sem forgangsraða varð nýju vinnulagi. Dregið var úr þjónustu vegna Covid-19 þar sem eingöngu var sinnt allra nauðsynlegustu þjónustunni eins og að aðstoða við athafnir daglegs lífs auk þess sem nýjum beiðnum um þjónustu frá LSH og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fækkaði vegna Covid-19. Fámennur hópur afpakkaði þjónustu vegna möguleika á smiti. Heimahjúkrun var 8 m.kr. innan fjárheimilda.

Hjúkrunarheimili voru 71 m.kr. umfram fjárheimildir eða 24%. Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir var 32 m.kr. umfram fjárheimildir eða 14%. Aukinn launa- og rekstarkostnaður vegna Covid-19 var metinn um 18 m.kr. Seljahlíð var 39 m.kr. umfram fjárheimildir eða 60% sem skýrist helst af því að Seljahlíð er óhagstæð rekstrareining með aðeins 20 hjúkrunarrými og duga daggjöld frá ríkinu ekki fyrir rekstrinum. Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) hafa greitt tímabundið smæðarálag til Seljahlíðar að fjárhæð 9,4 m.kr. sem dreifist á tímabilið ágúst til desember. Alls munu SÍ greiða um 20 m.kr. vegna Covid-19 kostnaðar síðar á árinu.

Stuðnings- og stoðþjónusta var 123 m.kr. umfram fjárheimildir eða 9%. **Skammtímaðvistanir** voru um 68 m.kr. umfram fjárheimildir. Skammtímaheimili Barnaverndar þ.e. Mánaberg og Hraunberg voru 54 m.kr. yfir fjárheimildum. Nýting á Mánabergi er 136% að meðaltali og heimilið yfirfullt alla mánuði. Stuðningsþjónusta fullorðna var 74 m.kr. umfram fjárheimildir og má rekja það til þjónustu við fatlaða einstaklinga.

Keðjan var 20 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3%. Kostnaður við stuðningsfjölskyldur vegna barna í félagslegum vanda var 45 m.kr. umfram fjárheimildir eða 116 % og stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra barna var 17 m.kr. umfram fjárheimildir eða 15%. Rekja má yfirfrávikin til fjölgunar stuðningsfjölskyldna og til rýmkunar á reglum sem tóku gildi 1. mars síðastliðinn. Hámark stuðningur var 5 sólarhringar á mánuði skv. lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og 7 á mánuði skv. Barnaverndarlögum nr. 80/2002 en nú er heimilt að veita að stuðning að hámarki 15 sólarhringa á mánuði.

Úrræði Barnaverndar voru í heild 291 m.kr. eða 50% umfram fjárheimildir. Frávík skýrist af vistun barna á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga þar sem börn eru vistuð utan heimilis. Árið 2019 voru 5 börn í þessari þjónustu en 13 börn það sem af er árs 2020 og greiðsla með hverju barni hærri en árið á undan. Verið er að fara yfir þessi mál með fulltrúum félagsmálaráðuneytisins en fækkun úrræða hjá Barnaverndarstofu hefur mjög mikil áhrif á þann hóp barna sem vistast samkvæmt þessari grein.

Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	277	130	146	112,4%
Laun og launat. gj.	7.061	6.201	860	13,9%
Annar rekstrark.	3.608	3.694	-85	-2,3%
Nettó útgjöld	10.392	9.764	628	6,4%

Nettó útgjöld velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks voru 10.392 m.kr. sem var 628 m.kr. umfram fjárheimildir eða um 6,4%. Tekjur í heild voru 277 m.kr. sem voru um 146 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Það er meðal annars vegna tekna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna langtímaleigu samninga eða 22 m.kr. og vegna aukinna tekna vegna dagþjónustu 65 m.kr. Ennfremur var aukning á tekjum vegna samnings við ríkið um aukið félagsstarf fyrir fatlaða einstaklinga vegna Covid-19, fjárhæð nemur 20 m.kr. sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Launakostnaður var 7.061 m.kr. sem var 860 m.kr. eða 13,9% umfram fjárheimildir. Annar rekstrarkostnaður var 3.608 m.kr. sem var 85 m.kr. eða 2,3% innan fjárheimilda.

Heildarfrávik vegna málaflokks fatlaðs fólks skýrist að hluta til vegna ungs fólks með þroska og geðraskanir, Öryggisvistunar sem ekki var áætlað fyrir en tekjur munu koma í lok árs og verða um 160 m.kr. sem og um 91 m.kr. má rekja til COVID-19 fyrir málaflokkinn í heild. Einnig hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga samþykkt að greiða 61,5 m.kr. vegna auka kostnaðar vegna COVID-19 og mun það bókast á næsta tímabil.

Útgjöld til málefna fatlaðs fólks að tekjum undanskildum námu 10.669 m.kr. og jafngildir það 43% af heildarútgjöldum sviðsins án bundinna liða.

Meðalveikindahlutfall starfsmanna velferðarsviðs í heild á tímabilinu janúar til september var 7,4% samanborið við 7,6% á sama tíma árið 2019.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 810 m.kr. yfir fjárheimildum.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:


- Heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 11.093 m.kr. en tekjur námu aðeins 5.640 m.kr. Heildarniðurstaða var því neikvæð um 5.453 m.kr. Er þá samantekin þjónusta Velferðarsviðs við fatlaða á grundvelli yfirfærslunnar, þjónusta Velferðarsviðs vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar, þjónusta Skóla- og frístundasviðs vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og þjónusta Íþrótt- og tómstundasviðs við fötlud ungmenni á vegum Hins hússins. Sjá nánar í sundurliðun um fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið í viðauka 2 í greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs með árshlutareikningi Reykjavíkurborgar janúar - september 2020.
- Á árinu 2018 voru sett lög nr. 38/2018 um fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, þar á meðal um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Lögin fólu í sér auknar kröfur til sveitarfélaga án þess að því fylgdi viðbótarfjármagn, sjá nánar umsögn Reykjavíkurborgar með málinu á vef alþingis: <https://www.althingi.is/altext/erindi/148/148-195.pdf>.
- Nettó útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur af daggjöldum námu 369 m.kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins 2020. Daggjöld ríkisins vegna hjúkrunarheimila miða við að ríkið hafi fjármagnað 85% fjárfestingaútgjalda en Reykjavíkurborg fjármagnaði sjálf Droplaugarstaði og á því kröfu um leiðréttingu á daggjöldum. Mikilvægt er að tryggja fulla fjármögnun á rekstrinum. Sjá nánar í sundurliðun um fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið í viðauka 2 í greinargerð f fjármála- og áhættustýringarsviðs með árshlutareikningi Reykjavíkurborgar janúar – september 2020.

1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	5	0	5	0,0%
Annar rekstrark.	3.318	2.957	361	12,2%
Nettó útgjöld	3.313	2.957	356	12,0%


Fjárhagsaðst. (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Framfærslustyrkur	1.969	1.661	308	18,5%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	408	294	114	38,6%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni	104	91	12	13,6%
Heim.gr. 16.gr. A aðstoð v/barna	26	19	7	36,6%
Nettó útgjöld	2.507	2.066	441	21,3%

Notendur fjárhagsaðstoðar (fjöldi)	Fjöldi jan-sep 2020	Fjöldi jan-sep 2019	Breyting milli ára	%
Fjárhagsaðstoð alls	2.949	2.512	437	17,4%
Fjárhagsaðstoð 6 mán eða lengur	877	694	183	26,4%
Framfærslustyrkur	2.223	1.899	324	17,1%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	1.753	1.246	507	40,7%



Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum velferðarsviðs, þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings, fyrir janúar til september 2020. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna. Fjöldi notenda sýnir uppsafnaðan fjölda notenda á tímabilinu samanborið við sama tímabili í fyrra en línuritið sýnir fjölda í hverjum mánuði.

Nettó útgjöld bundinna liða voru 3.313 m.kr. sem var 356 m.kr. eða 12,0% umfram áætlun. Gjöld vegna fjárhagsaðstoðar námu 2.507 m.kr. og gjöld vegna sérstaks húsnæðisstuðnings námu 806 m.kr.



Fjárhagsaðstoð: Kostnaður var 2.507 m.kr. sem var 441 m.kr. eða 21,3% umfram áætlun.

Framfærslustyrkur nam 1.969 m.kr. sem var 308 m.kr. eða 18,5% umfram áætlun. Notendum hefur fjölgað um 324 frá því á sama tímabili í fyrra eða um 17,1% og eru nú 2.223.

Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar voru alls 538 m.kr.

sem var 133 m.kr. eða 36,2% umfram áætlun. Fjöldi þeirra sem fengu heimildargreiðslur janúar til september 2020 var 1.753 sem var fjölgun um 507 notendur eða 40,7% miðað við sama tímabil 2019.

Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Á síðasta ári nam sú fjárhæð rúmum 300 m.kr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur var 806 m.kr. sem var 85 m.kr. eða 9,6% undir áætlun.

Notendur sérstaks húsnæðisst. (fjöldi)	Fjöldi jan-sep 2020	Fjöldi jan-sep 2019	Breyting milli ára	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur	1.718	1.426	292	20,5%
Sérstakur húsnæðisstuðn. félagsl. húsn.	1.906	1.864	42	2,3%


Sérstakur húsnæðisstuðningur	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur	343	310	33	10,8%
Sérstakur húsnæðisstuðn. félagsl. húsn.	463	581	-119	-20,4%
Nettó útgjöld	806	891	-85	-9,6%

Sérstakur húsnæðisstuðningur á almennum leigumarkaði var 343 m.kr. eða 33 m.kr. umframáætlun. Notendum fjölgaði um 292 frá sama tímabili og í fyrra. Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda á tímabilinu samanborið við uppsafnaðan fjölda á sama tímabili í fyrra. Línuritið sýnir fjölda notenda í hverjum mánuði.

Skýringu gæti verið að finna annars vegar í auknu framboði af leiguhúsnæði á betri kjörum þannig að fleiri ráða við að leigja á

almennum markaði en einnig því að tekjur hafi dregist saman hjá einhverjum með auknu atvinnuleysi og því fleiri sem eiga rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi.


Sérstakur húsnæðisstuðningur í félagslegu húsnæði var 463 m.kr. eða 119 m.kr. undir áætlun. Notendum með sérstakan húsnæðisstuðning í félagslegu húsnæði fjölgaði lítillega eða um 42 frá sama tímabili 2019.



Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Kostnaður við fjárhagsaðstoð var 441 m.kr. yfir áætlun og notendum þjónustunnar fjölgar nú samanborið við sama tímabil árið 2019. Heildarkostnaður við fjárhagsaðstoð var 2.507 m.kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins 2020 en nam 1.915 m.kr. á sama tímabili árið 2019. Kostnaðurinn var því 592 m.kr. hærri í ár eða 31%. Notendum fjölgaði um 437.


1.6 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu



Rekstur RHS (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	59	51	9	16,9%
Laun og launat. gj.	1.009	957	52	5,4%
Annar rekstrark.	171	284	-113	-39,9%
Nettó útgjöld	1.120	1.190	-70	-5,9%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu janúar - september 2020 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 1.120 m.kr. eða 70 m.kr. undir fjárheimildum.



Tekjur voru 59 m.kr. eða 9 m.kr. yfir áætlun. Tekjur innri endurskoðunar voru 5 m.kr. hærri en áætlað vegna vinnu fyrir B-hluta fyrirtæki. Aðrar tekjur voru 4 m.kr. hærri en áætlun.


Laun og launatengd gjöld voru 1.009 m.kr. eða 52 m.kr. yfir fjárheimildum. Laun vegna aðgerða gegn heimilisofbeldi voru 9 m.kr. yfir áætlun, laun vegna skrifstofu borgarstjóra voru 20 m.kr. yfir áætlun, laun vegna borgarstjórnar voru 16 m.kr. yfir áætlun og önnur laun voru 7 m.kr. yfir áætlun.

Annar rekstrarkostnaður var 171 m.kr., sem var 113 m.kr. undir áætlun, þ.a. var mannréttindaskrifstofan 51 m.kr. undir áætlun þar sem ýmis verkefni fara seinna af stað en áætlað hafði verið, skrifstofa borgarstjóra var 48 m.kr. undir áætlun þar sem sérstakar athuganir og úttektir voru undir áætlun og ekki búið að úthluta styrkjum vegna miðborgarmála. Annar kostnaður var 14 m.kr. undir áætlun

Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

Málaflokkar RHS (mkr)	Tekjur	Áætlun 2020	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2020	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2020	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2020	Frávik	%
Borgarlögmaður	2	1	1	98	95	2	9	16	-7	104	110	-6	-5,8%
Innri endurskoðun	32	27	5	111	110	0	17	18	0	96	101	-5	-5,2%
Mannréttindaskrifstofa	3	4	-2	173	160	12	28	79	-51	198	236	-38	-15,9%
Skrifst.borgarstjóra og borgarritara	22	18	3	263	245	18	55	103	-48	297	330	-34	-10,3%
Skrifstofa borgarstjórnar	0	0	0	339	323	16	60	67	-7	399	390	9	2,3%
Umboðsmaður borgarbúa			0	25	22	4	1	1	0	27	23	4	18,2%
Samtals	59	51	9	1.009	957	52	171	284	-113	1.120	1.190	-70	-5,9%

1.7 Sameiginlegur kostnaður



Rekstur ÖNN (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	109	100	9	8,9%
Laun og launat. gj.	275	445	-170	-38,1%
Breyting lífeyriskb.	1.313	2.513	-1.200	-47,8%
Annar rekstark.	1.588	1.569	19	1,2%
Nettó útgjöld	3.066	4.426	-1.360	-30,7%

Tekjur voru 9 m.kr. yfir áætlun vegna forsetakosninga.

Laun hjá sameiginlegum kostnaði voru 170 m.kr. undir áætlun; vegna atvinnumála 23 m.kr. yfir, launa og starfsmannakostnaðar 200 m.kr. undir og kosningar voru 8 m.kr. yfir heimildum.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar v. LsRB nam 1.313 m.kr. sem er 1.200 m.kr. undir áætlun eða 48%.

Annar kostnaður hjá sameiginlegum kostnaði var 19 m.kr. yfir fjárheimildum.

Málaflokkar hjá sameiginlegum kostnaði

Málaflokkar ÖNN (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2020	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2020	Frávik	Annar kosntaður	Áætlun 2020	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2020	Frávik	%
Styrkir og ýmis framlög	0	0	0	0	0	0	378	471	-93	378	471	-93	-19,7%
Atvinnumál	0	0	0	575	553	23	0	11	-11	575	564	12	2,0%
Rekstur miðlægra tölvukerfa	0	0	0	0	0	0	76	94	-18	76	94	-18	-19,6%
Innheimtukostnaður skatttekna	0	0	0	0	0	0	420	386	34	420	386	34	8,7%
Starfsmannakostnaður	0	0	0	-667	-468	-200	60	-92	151	-607	-559	-48	8,6%
Kosningar	108	100	8	62	54	8	46	46	0	0	0	0	#DIV/0!
Ýmis kostnaður	1	0	1	16	18	-1	608	652	-44	624	670	-46	-6,8%
Gjaldfærsla vegna Brúar Isj.			0	288	288	0			0	288	288	0	0,0%
Breyting á lífeyrisskuldbindingu LsRb			0	1.313	2.513	-1.200			0	1.313	2.513	-1.200	-47,8%
Samtals	109	100	9	1.588	2.957	-1.370	1.588	1.569	19	3.066	4.426	-1.360	-30,7%

Styrkir og ýmis framlög voru 93 m.kr. undir áætlun. Þar af var afsláttur fast.gj. til elli- og örorkulífeyrisþ. 63 m.kr. undir áætlun og Hverfissjóður 20 m.kr. undir áætlun.

Innheimtukostnaður skatttekna var 34 m.kr. yfir áætlun vegna uppgjors.



Starfsmannakostnaður var 48 m.kr. undir fjárheimildum sem má rekja til þess að slysabætur voru 48 m.kr. undir fjárheimildum.

Ýmis kostnaður var 46 m.kr. undir áætlun þar af innri leiga húsnæði, áhaldar og tækja 53 m.kr. undir áætlun.


Breyting á lífeyrisskuldbindingum voru 1.200 m.kr. undir áætlun.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu á sameiginlegum kostnaði janúar – september 2020 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 3.066 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 4.426 m.kr. sem var 1.360 m.kr. eða 31% undir fjárheimildum tímabilsins.




1.8 Fjármála- og áhættustýringarsvið



Rekstur FÁST (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	33	25	8	30,9%
Laun og launat. gj.	756	813	-57	-7,0%
Annar rekstrark.	153	216	-63	-29,0%
Nettó útgjöld	876	1.003	-127	-12,7%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá fjármála- og áhættustýringarsviði janúar – september 2020 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 876 m.kr. eða 127 m.kr. undir fjárheimildum.



Tekjur voru 33 m.kr. eða 8 m.kr. yfir áætlun.


Laun og launatengd gjöld voru 756 m.kr. eða 57 m.kr. undir fjárheimildum FÁST m.a. vegna þess að ekki var búið að ráða í allar stöður.

Annar rekstrarkostnaður var 153 m.kr., sem var 63 m.kr. undir áætlun m.a. vegna þess að ýmis verkefni fara seinna af stað en áætlað.

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Málaflokkar FÁST (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2020	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2020	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2020	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2020	Frávik	%
Áætlana og uppgjörsskrifstofa	0	0	0	97	89	8	11	22	-12	108	111	-4	-3,2%
Bókhaldsskrifstofa	1	0	1	162	174	-11	29	32	-3	190	206	-16	-7,7%
Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa	1	0	0	71	72	-1	8	9	-1	79	81	-2	-2,4%
Innkaupaskrifstofa	31	25	6	79	82	-3	55	57	-2	103	114	-12	-10,2%
Launaskrifstofa	0	0	0	183	192	-8	32	36	-4	216	228	-13	-5,5%
Skrifstofa áhættustýringar	0	0	0	29	46	-17	6	22	-16	35	68	-33	-48,5%
Skrifstofa sviðstjóra FÁST	0	0	0	134	158	-24	12	36	-24	146	194	-48	-24,9%
Samtals	33	25	8	756	813	-57	153	216	-63	876	1.003	-127	-12,7%


1.9 Mannauðs- og starfsþróunarsvið



Rekstur MOS (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	22	19	3	14,9%
Laun og launat. gj.	202	209	-7	-3,6%
Annar rekstrark.	27	51	-24	-47,4%
Nettó útgjöld	206	241	-34	-14,3%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá mannauðs- og starfsþróunarsviði janúar - september 2020 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 206 m.kr. eða 34 m.kr. undir fjárheimildum.



Tekjur voru 22 m.kr. eða 3 m.kr. undir áætlun.


Laun og launatengd gjöld voru 202 m.kr. eða 7 m.kr. undir áætlun.

Annar rekstrarkostnaður var 27 m.kr., sem var 24 m.kr. undir áætlun m.a. vegna þess að ýmis verkefni fara seinna af stað en áætlað.

Mannauðs - og starfsþróunarsvið

Þjónustubættir MOS (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2020	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2020	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2020	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2020	Frávik	%
Skrifstofa kjaramála	0	0	0	51	56	-5	4	4	0	55	60	-5	-7,7%
Skrifstofa ráðninga og mönnunar	0	0	0	29	34	-5	0	2	-1	30	36	-6	-17,2%
Skrifstofa sviðstjóra MOS	13	1	13	56	50	6	22	45	-24	64	95	-31	-32,7%
Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis	0	0	0	35	35	0	0	0	0	35	35	1	2,1%
Verkefnastofa starfsmats	9	19	-10	31	35	-4	1	0	1	22	16	7	41,0%
Samtals	22	19	3	202	209	-7	27	51	-24	206	241	-34	-14,3%


1.10 Þjónustu- og nýsköpunarsvið



Rekstur PON (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	923	867	56	6,5%
Laun og launat. gj.	1.003	994	8	0,8%
Annar rekstrark.	1.523	1.415	108	7,6%
Nettó útgjöld	1.603	1.543	60	3,9%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði janúar - september 2020 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 1.603 m.kr. eða 60 m.kr. yfir fjárheimildum.



Tekjur voru 923 m.kr. eða 56 m.kr. yfir áætlun. Tekjur upplýsingatæknideildar voru 55 m.kr. hærri en áætlað var vegna aukinnar þjónustu við fagsvið. Aðrar tekjur voru 1 m.kr. hærri en áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 1.003 m.kr. eða 8 m.kr. yfir fjárheimildum.

Annar rekstrarkostnaður var 1.523 m.kr. sem var 108 m.kr. yfir áætlun m.a. vegna Covid-19 útgjalda 73 m.kr. aðalega hjá upplýsingatæknipjónustu og í rekstri stjórnsýsluhúsa.


Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Málaflokkar PON (mkr)	Tekjur	Áætlun 2020	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2020	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2020	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2020	Frávik	%
Borgarskjalasafnið	7	2	6	66	66	0	52	55	-3	111	119	-9	-7,3%
Gagnþjónusta	14	15	-2	59	66	-7	51	52	-1	96	103	-7	-6,5%
Rekstrarþjónusta	61	64	-3	52	50	2	305	288	17	296	274	22	7,9%
Stafræn Reykjavík	0	0	0	243	216	27	-110	-64	-46	132	152	-20	-13,0%
Skrifstofa sviðstjóra PON	23	22	1	96	97	-1	16	15	1	90	91	-1	-0,9%
Upplýsingatæknipjónusta	797	742	55	326	340	-14	1.116	969	147	646	567	78	13,8%
Þjónustuhönnun	21	22	-1	161	159	2	93	101	-8	233	237	-4	-1,7%
Samtals	923	867	56	1.003	994	8	1.523	1.415	108	1.603	1.543	60	3,9%

Rekstrarþjónusta var 22 m.kr. yfir áætlun sem má alfarið rekja til aukinna útgjalda við ræstingar vegna Covid-19.

Upplýsingatæknipjónusta var 78 m.kr. yfir áætlun þar af voru 44,5 m.kr. vegna búnaðarkaupa og aðkeyptrar þjónustu sem rekja má til Covid-19.

1.11 Framlög til B-hluta fyrirtækja





Framlög (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Strætó	1.893	1.874	19	1,0%
Slökkvilið hbsv.	720	737	-16	-2,2%
Nettó útgjöld	2.613	2.611	3	0,1%

Strætó: Framlag til Strætó var 1.893 m.kr. eða 19 m.kr. yfir fjárheimildum. Þar af var framlag til nemaverkefni 162 m.kr. eða 91 m.kr. yfir fjárheimildum, helgast það af tilfærslu milli tímabila. Á móti kemur að reglubundið framlag var 73 m.kr. innan fjárheimilda.


Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins: Framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var 720 m.kr. eða 16 m.kr. innan fjárheimilda.

Myndin hér til hliðar sýnir framlög til B-hluta fyrirtækja fyrir tímabilið janúar til september 2020 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Framlög til B-hluta fyrirtækja námu 2.613 m.kr. og voru 3 m.kr. yfir fjárheimildum.



2. Eignasjóður



Rekstur Eignasjóðs (í m.kr.)	Raun 2020_09	Áætlun	Frávik	%	Raun 2019_09	Breyting	%
Leigutekjur	17.021	16.732	288	1,7%	15.232	1.789	11,7%
Sala byggingaréttar	772	3.300	-2.528	-76,6%	1.092	-320	-29,3%
Sala fastafjármuna	6	447	-441	-98,7%	16	-11	-64,8%
Aðrar tekjur	562	552	10	1,9%	3.704	-3.142	-84,8%
Rekstrartekjur samtals	18.360	21.030	-2.670	-12,7%	20.045	-1.685	-8,4%
Laun og launatengd gjöld	-1.594	-1.733	139	-8,0%	-1.498	-96	6,4%
Annar rekstrarkostnaður	-4.710	-5.316	606	-11,4%	-7.312	2.602	-35,6%
Afskriftir	-4.334	-4.228	-107	2,5%	-3.968	-367	9,2%
Rekstrargjöld samtals	-10.638	-11.277	639	-5,7%	-12.777	2.139	-16,7%
Fjármagnsliðir	-5.033	-4.622	-411	8,9%	-3.182	-1.851	58,2%
EBITDA	12.057	13.981	-1.924	-13,8%	11.235	821	7,3%
EBIT	7.722	9.753	-2.031	-20,8%	7.267	455	6,3%
Rekstrarniðurstaða	2.689	5.131	-2.442	-47,6%	4.085	-1.396	-34,2%

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 2.689 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 5.131 m.kr. og niðurstaðan því 2.442 m.kr. lakari en áætlað var.

